

Nd.

353. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Fyrir orðin „480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund kr.“ í 1. gr. laganna kemur: 680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund kr.

2. gr.

Fyrir orðin „480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund kr.“ í 2. gr. laganna kemur: 680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Á síðasta þingi voru samþykkt hafnarlög fyrir Keflavík, og var veitt til þess mannvirkis úr ríkissjóði 480 þús. kr., en alls var áætlað, að kostnaður yrði um 1200 þús. kr. Var fé þetta ætlað til byggingar skjólgarðs, og er henni nú að mestu lokið. Hafa menn þar syðra nú mikinn hug á að koma upp bryggjum innan skjólgarðsins, enda er nauðsyn þess augljós. Hefur vitamálastjóri gert bráðabirgðateikningar og kostnaðaráætlun yfir fyrirhugaðar bryggjur og telur, að þær muni kosta um 500 þús. kr. Er í frv. þessu miðað við þá upphæð, og yrði þá aukið framlag og ábyrgð ríkissjóðs 200 þús. kr. hvort um sig.

Á því er mikil þörf, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi, þar eð ella mundu stöðvast allar framkvæmdir á næsta ári til mikils hnekkis fyrir alla útgerð í þessari stóru verstöð.